# Húmorsþing 2010



Annað Húmorsþing Þjóðfræðistofu verður haldið laugardaginn 20. mars næstkomandi. Húmorsþingið er bæði vetrarhátíð og málþing um húmor sem fræðilegt viðfangsefni. Það er nú haldið í annað sinn á Ströndum.

Á málþinginu munu fræðimenn stíga á stokk og varpa ljósi á nýjustu rannsóknir og miðlun á húmor. Rætt verður um hin ýmsu form húmors, svo sem brandara, uppistand, satíru og íroníu ásamt margvíslegri iðkun þeirra í daglegu lífi. Fjallað verður um húmor sem valdatæki í baráttu þjóðfræðihópa og ýmsar birtingarmyndir húmors í fjölmiðlum. Nemendur í þjóðfræði eru sérstaklega velkomnir og stendur til boða að sitja málþingið og skrifa um það námsritgerð í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

Um kvöldið verður boðið til skemmtunar en á boðstólnum verður meðal annars barþraut (pub quiz) um íslenska kímni, uppistand Uppistöðufélagins, Þorsteins Guðmundssonar og Helga Svavars Helgasonar. Auk þess verður í annað sinn efnt til brandarakeppninnar sívinsælu “Orðið er laust”.

## Dagskrá Húmorsþings

12.00 – 13.30 Móttaka og fundur rannsóknarhóps á Café Riis á Hólmavík
(Hádegismatur á góðu verði. Pantanir í síma 8979756)

## Málþing um húmor, hópa og vald

13.30- 16.00
Þingið sett**: Kristinn Schram** (Forstöðumaður Þjóðfræðistofu)

*„Gagnkynhneigður, íslenskur karlmaður á daginn en útlensk lesbía á kvöldin“, Nokkrar hugleiðingar um kyn, kyngervi, húmor og vald.* **Íris Ellenberger** (Háskóli Íslands)

*„Lúðar, mokið ykkar flór,“ Spaugstofan og kreppan.* **Nanna Guðmundsdóttir** (Háskóli Íslands)

*Kreppuhúmor.* Sagt frá ritgerð **Dagbjartar Guðmundsdóttur** (Háskóli Íslands)

*"I'm so clumsy!": self-directed humour as a tool for social interaction.* **Licia Masoni** (University of Edinburgh)

*Húmor á alnetinu.* **Gunnella Þorgeirsdóttir** (Háskólinn í Sheffield)

*Húmor á öldum ljósvakans.* **Þjóðfræðinemar** segja frá útvarpsþáttagerð um húmor og þjóðfræði með áheyrnarhornum (þættirnir verða aðgengilegir um vefsíðu Þjóðfræðistofu)

16:00 – 16:30 KAFFIHLÉ

16:30-17:00
**Hrafn Jökulsson** rithöfundur fjallar um doktorsritgerð afa síns, séra Jakobs Jónssonar, um húmor í Gamla Testamentinu.

17.15
Frumsýning grínheimildamyndar Kviksögu ***Íslensk menning, 3. Byndý*** *Sigurjón Baldur Hafsteinsson, mannfræðingur, fylgir myndinni úr hlaði (sjá nánar á www.icef.is)*

17:30 HLÉ
Mælt er með Handverkshúsi Hafþórs og Galdrasýningunni á Ströndum (opin 17:30 – 19).
Café Riis býður upp á kvöldmat á góðu verði
(Pantanir í síma 8979756)

# Skemmtidagskrá Húmorsþingsins

20.00 **Barþraut** (pubquiz) um íslenska fyndni
Arnar S. Jónsson stýrir

21.30 **Uppistand:**

Gríntvíeykið **Þorsteinn Guðmundsson** (Fóstbræður; Svalbarði og fl.) og **Helgi Svavar Helgason** (Baggalútur, Hjálmar) flytja uppistand með tónlistarívafi

**Þórdís Nadia Óskarsdóttir** og **Íris Ellenberger** (Uppistöðufélaginu)

23.00 **Brandarakeppnin *Orðið er laust*** - Gestir og gangandi keppast við að kitla hláturtaugarnar. Sigurður Atlason stýrir en í dómnefnd sitja valinkunnir grínarar.

**Gisting á Hólmavík**

Steinhúsið (fullbókað)
Gistiheimilið Borgabraut 4: S: 451 3136
Svefnpokapláss í Kvenfélagshúsi S. 8661940
Í næsta nágrenni:
Ferðaþjónustan Kirkjuból (12 km frá Hólmavík): S: 451 3474
Malargisting, Drangsnesi: S: 451 3238
Hótel Laugarhóll, Bjarnarfirði: S: 451 3380

Sjá frekari upplýsingar um dagskrá og gistimöguleika á heimasíðu Þjóðfræðistofu: www.icef.is Einnig má hafa samband við Kristinn Schram í s. 8661940 eða Kötlu Kjartansdóttur í s. 8654463

**Rútuferð:** Þeir hafa áhuga hafa á rútuferð frá Reykjavík til Hólmavíkur og til baka hafi samband í netfang: katla@icef.is . Ef nægur fjöldi rútufarþega næst verður lagt af stað frá Reykjavík (Þjóðarbókhlöðu) á laugardagsmorgni kl. 8.30 og til baka á sunnudagsmorgni kl. 10).

AÐ GEFNU TILEFNI VILJUM VIÐ MINNA Á AÐ LEIÐIN FRÁ REYKJAVÍK TIL HÓLMAVÍKUR ER AÐEINS 2 ½ - 3 TÍMAR MEÐ NÝJA VEGINUM UM ARNKÖTLUDAL (‘ÞRÖSKULDA’) SEM ER FÆR ÖLLUM FÓLKSBÍLUM (sjá www.vegagerd.is).